

## TÚLKUN

### Á 3. MGR. 70. GR. OG 1. MGR. 75. GR. LAGA NR. 161/2002, UM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI, VARÐANDI ATKVÆÐISRÉTT Í SPARISJÓÐUM

Fjármálaeftirlitið setur fram eftirfarandi túlkun:

*Í 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki kemur fram að engum sé heimilt að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í sparisjóði. Við mat á óbeinni hlutdeild í framangreindum ákvæðum gilda sömu sjónarmið og um sama hugtak í 40. gr. og 40. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.*

#### Umfjöllun

Í 3. mgr. 70. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (fftl.) kemur fram að stofnfjáreigendur skuli eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs.<sup>1</sup> Í 3. mgr. 70. gr. fttl. kemur fram að einstökum stofnfjáreigendum sé aldrei heimilt, fyrir sjálfs síns hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs.

Ákvæði um atkvæðisrétt í sparisjóðum hefur allt frá árinu 1985 verið orðað með þeim hætti að einstökum stofnfjáreigendum sé aldrei heimilt að fara með meira en ákveðinn hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Í lögum nr. 87/1985, um sparisjóði var lögfest ákvæði um atkvæðisrétt í sparisjóðum. Í 2. mgr. 20. gr. þeirra laga sagði: „Þó er einstökum sparisjóðsaðilum aldrei heimilt að fara með meira en 1/5 hluta af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 70. gr.“. Með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, var lagagreinininni breytt og aukið við þær kröfur sem lagagreinin setti. Í fyrsta lagi var heildaratkvæðamagn það sem kveðið var á um lækkað úr 20% í 5% og í öðru lagi var sett inn orðalagið: „...fyrir sjálfs sín hönd eða annarra...“ Megin rökin fyrir þessum breytingum voru að stuðla enn frekar, en áður hafði verið gert, að valddreifingu innan sparisjóða.

Með lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, var orðalagi ákvæðisins breytt á þann hátt að bætt var inn í greinina orðalaginu „...beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs...“. Samkvæmt skýringum með breytingunum var tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að farið væri í kringum reglur um hámark atkvæðisréttar með eignarhaldi tengdra aðila á eignarhlutum. Sérstaklega var fjallað um þá meginstoð sparisjóðalöggjafarinnar að eignarhald í sparisjóðum skuli vera dreift. Fram kom að með breytingunum væri enn frekar stuðlað að valddreifingu innan sparisjóða og að auki var ákvæðinu ætlað að stuðla að því að fleiri einstaklingar eða lögaðilar sæju sér fært að festa fjármuni sína í sparisjóðum.

---

<sup>1</sup> 2. máls. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er sambærilegur 2. máls. 3. mgr. 70. gr. laganna. Í skýringum með 75. gr. er vísað til 70. gr., en í skýringum með 75. gr. kemur fram að orðalag ákvæðisins sé ætlaður sá tilgangur að koma í veg fyrir að farið sé í kringum reglur um hámark atkvæðisréttar með eignarhaldi fleiri tengdra aðila á eignarhlutum. Þegar fjallað er um 3. mgr. 70. gr. í túlkun þessari ef jafnframt átt við 1. mgr. 75. gr. laganna.

Í skýringum með 70. gr. ffl. er tekið fram að hugtakið óbein eignaraðild í lagagreininni sé notað í sömu merkingu og í 2. mgr. 40. gr. laganna. Af þessu er ljóst að löggjafinn taldi sömu sjónarmið eiga við enda verður almennt að telja eðlilegt að sama túlkun sé á hugtökum innan sama lagabálks.

2. mgr. 40. gr. ffl. er að finna í VI. kafla laganna, en kaflinn fjallar um eignarhluti í fjármálafyrirtækjum og meðferð þeirra. Megintilgangur kaflans er sá að hæfi aðila til að eiga virka eignarhluti í fjármálafyrirtækjum sé metið sérstaklega til að draga úr hættu á því að stórir hluthafar í fjármálafyrirtækjum hafi skaðleg áhrif á rekstur þeirra. Slíkt er einnig talið mikilvægt m.t.t. heilbrigði fjármálamarkaðarins í heild sinni.

Rétt er að hafa í huga að umfjöllun VI. kafla snýr ekki eingöngu að eignarhlutum sem slíkum, heldur fellur einnig undir kaflann bein eða óbein hlutdeild af eigin fé, stofnfé, atkvæðisrétti og önnur hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi fyrirtækis.<sup>2</sup>

Í skýringum með 40. gr. ffl. kemur fram að um óbeina hlutdeild í stofnfé megi vísa til þess tilviks þegar tveir eða fleiri stofnfjäreigendur koma sér saman, með formlegu eða óformlegu samkomulagi, um samræmda beitingu samanlagðs atkvæðisréttar eða samkomulag takist við annan eða aðra slíkra hópa um beitingu atkvæðisréttar. Að auki er tekið fram að hvers konar samstilltar aðgerðir hverju nafni sem nefnast, kunna að falla undir virka eignaraðild. Að framangreindu leiðir að atkvæðisréttur í sparisjóðum var sérstaklega hafður í huga í tengslum við 40. gr. ffl.

Í 40. gr. a ffl. er að finna almenna skýringarreglu varðandi það hvenær samstarf aðila getur leitt til myndunar óbeins virks eignarhlutar. Þannig ber við mat á óbeinni hlutdeild að líta bæði til 40. gr. og 40. gr. a ffl.<sup>3</sup>

Af framangreindu verður að telja að einstökum stofnfjäreiganda sé aldrei heimilt, einum sér eða í samstarfi við aðra aðila, þ.e. beint eða óbeint, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði. Við skýringu á því hvað teljist „beint” og „óbeint” skal líta til 40. gr. og 40. gr. a ffl.

Líta má til eftirfarandi dæmis til skýringar:

Stofnfjäreigandinn A á eignarhlut sem veitir honum 5% atkvæðisrétt í sparisjóðnum X. A er framkvæmdastjóri í fyrirtækinu Y. Fyrirtækið Y á eignarhlut sem veitir því 2% atkvæðisrétt í sparisjóðnum X. Þar sem A fer sjálfur með 5% atkvæðisrétt í sparisjóðnum er honum óheimilt að fara með meiri atkvæðisrétt, fyrir sjálfs síns hönd eða annarra, hvort sem um er að ræða beina eða óbeina hlutdeild. Fyrirtækið Y og A geta því aldrei farið með meira en 5% atkvæða í sparisjóðnum X, skv. 3. mgr. 70 gr. ffl, sbr. 4. tl. 3. mgr. 40. gr. a ffl. Breytir því engu hvort annar aðili færi með atkvæði í umboði fyrirtækisins, því það verður annars vegar alltaf að líta til þeirra ströngu krafna sem 3. mgr. 70. gr. setur, tilgangi ákvæðisins og þess að ávallt beri að skýra tengsl á grundvelli 40. gr. a.

Fjármálaeftirlitið  
9. ágúst 2007

<sup>2</sup> Sjá nánar 2. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

<sup>3</sup> Sjá nánar athugasemdir við 13. gr. laga nr. 67/2006, um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.